

260. fundur hafnarstjórnar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, fimmtudaginn 6.
mars 2025 og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Magnús Einar Magnússon formaður, Catherine Patricia Chambers var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Matthildur Á Helgadóttir, Jónudóttir, Jóhann Birkir Helgason aðalmaður, Sædís Ólöf Þórsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jóhann Bæring Gunnarsson og Ólafur Baldursson aðalmaður.

Embættismenn:

Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi og Hilmar Kristjánsson Lyngmo, hafnarstjóri.

Fundargerð ritaði: Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi.

Dagskrá:

1. Fyrirstöðugarður - Suðurtangi og Norðurtangi - 2023040012

Lagt fram minnisblað hafnarstjóra dags 4. mars 2025, er varðar hugmynd um fyrirstöðugarð við Suðurtanga sem kæmi í framhaldi af garði sem var gerður 2023.

Annars vegar er tillaga um 60 metra fyrirstöðugarð og hins vegar um 80 metra fyrirstöðugarð.

Einnig lagðar fram tillögur að viðaukum við fjárhagsáætlun hafna Ísafjarðarbæjar miðað við þessa tvo valkosti.

Hafnarstjórn samþykkir gerð 80 metra fyrirstöðugarðs og leggur til frestun á hluta verks vegna gerð nýs gámaplans til að mæta kostnaði. Hafnarstjórn felur hafnarstjóra að gera verðkönnun í verkið.

Hafnarstjórn leggur til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka við fjárhagsáætlun hafna Ísafjarðarbæjar vegna málsins.

Gestir

Edda María Hagalín, fjármálastjóri - 12:00

Jóhann Bæring vísar af fundi undir þessum lið.

2. Stormpollar við Sundabakka - 2025030013

Lagt fram minnisblað Hilmars K. Lyngmo, hafnarstjóra, dags. 4. mars 2025, um smíði og uppsetningu á stormpollum við Sundabakka.

Einnig lögð fram tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun hafna Ísafjarðarbæjar vegna málsins.

Hafnarstjórn leggur til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka 3 við fjárhagsáætlun hafna Ísafjarðarbæjar vegna stormpolla við Sundabakka.

Edda María yfirgefur fund kl. 12:15.
Jóhann Bæring kemur aftur til fundar kl. 12:15.

3. Sumarviðburðasjóður - 2024020083

Kynnt drög að uppfærðum reglum fyrir styrktarsjóð hafna Ísafjarðarbæjar, áður sumarviðburðasjóður, en fyrirhugað er að sjóðurinn opni fyrir umsóknir ársins 2025 um miðjan mars.

Anna Sigríður Ólafsdóttir mætir á fundinn fyrir hönd Vestfjarðastofu til að ræða styrktarsjóð hafna Ísafjarðarbæjar.

Hafnarstjórn þakkar Önnu Sigríði fyrir komuna og samþykkir reglur fyrir styrktarsjóðinn.

Gestir

Anna Sigríður Ólafsdóttir, Vestfjarðastofu - 12:15

Anna Sigríður yfirgefur fund kl. 12:38.

Magnús Einar yfirgefur fund undir þessum lið og felur Ólafi fundarstjórn.

4. Fiskeldissjóður 2025 - 2025020199

Lagt fram minnisblað hafnarstjóra, dags. 5. mars 2025, þar sem lagt er til að send verði umsókn í fiskeldissjóð 2025 vegna kaupa á á nýjum björgunarbát. Báturinn myndi einnig nýtast sem varalóðsbátur.

Hafnarstjórn tekur jákvætt í tillöguna og vísar henni til umræðu í bæjarráði með öðrum tillögum að umsóknum í sjóðinn.

Magnús kemur aftur inn á fund og tekur við fundarstjórn kl. 12:46.

5. Suðureyrarhöfn - smábátahöfn, flotbryggja og viðlegupláss - 2024010077

Kynnt minnisblað Kjartans Elíassonar, fyrir hönd Vegagerðarinnar, dags. 5. mars 2025, um breytingar á höfninni á Suðureyri.

Hafnarstjóri kynnir hugmyndir Vegagerðarinnar að breytingum á Suðureyrarhöfn.

Hafnarstjórn felur hafnarstjóra að vinna málið áfram.

6. Skipulag á hafnarsvæðum vegna móttöku skemmtiferðaskipa - Sundabakki - 2024100012

Kynnt útlit og verð fjögurra söluhúsa frá Völundarhúsum, en húsin hafa þegar verið keypt og verða staðsett á torgi við nýja rútbílastæðið á Sundabakka.

Lagt fram til kynningar.

7. Arnarlax - Mótvægisáðgerðir vegna siglingaöryggis við Óshlíð - 2025030021

Lagt fram erindi frá Björn Hembre, fyrir hönd Arnarlax ehf., dags. 14. febrúar 2025, þar sem óskað er eftir að hafnaryfirvöld taki fyrir mótvægisáðgerðir vegna siglingaöryggis við eldissvæði Arnarlax við Óshlíð.

Einnig er lagt fram minnisblað Hilmars K. Lyngmo, hafnarstjóra, dags. 4. mars 2025, og bókun hafnarstjórnar Bolungarvíkur frá fundi sem haldinn var þann 20. febrúar 2025, vegna sama máls.

Hafnarstjórn telur mikilvægt að öryggi siglingaleiða um Ísafjarðardjúpi sé tryggt. Mótvægisáðgerðirnar eru því rökréttar og telur stjórnin að eldissvæði muni ekki ógna öryggi sjófarenda í Ísafjarðardjúpi.

Hafnarstjórn áréttar að fiskeldi í Ísafjarðardjúpi styrkir atvinnuuppbyggingu í Ísafjarðarbæ og á norðanverðum Vestfjörðum.

8. Samningur um rekstur upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Þingeyri 2024-2025 - 2024010202

Lögð fram beiðni frá Jónínu H. Símonardóttur, f.h. handverkshópsins Koltru, dags. 21. febrúar 2025, um endurnýjun samnings um upplýsingamiðstöð ferðamanna í Salthúsinu á Þingeyri.

Hafnarstjórn samþykkir að framlengja samning við Koltru vegna upplýsingamiðstöðvar í Salthúsinu á Þingeyri en gert er ráð fyrir verkefninu í fjárhagsáætlun hafna Ísafjarðarbæjar.

Hafnarstjórn felur hafnarstjóra að ganga til samninga við Koltru.

9. Cruise Iceland - ýmis erindi 2024-2025 - 2024090023

Lagt fram minnisblað frá Cohn & Wolfe um fundi sem haldnir voru í lok febrúar 2025 með CLIA og Cruise Iceland.

Lagt fram minnisblað hafnarstjóra um fund með CLIA og Cruise Iceland.

Minnisblöð lögð fram til kynningar.

10. Cruise Iceland - ýmis erindi 2024-2025 - 2024090023

Kynnt fundargerð af stjórnarfundum Cruise Iceland sem haldinn var þann 15. janúar 2025.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:20

Magnús Einar Magnússon

Matthildur Á Helgadóttir

Jóhann Birkir Helgason

Jóhann Bæring Gunnarsson

Ólafur Baldursson

Tinna Ólafsdóttir

Hilmar Kristjánsson Lyngmo